

## LÉTT - LOPAPEYSA með stuttum munsturbekk og hettu

<b>STÆRÐIR</b>	34	(36)	38	(40)	42	(44)
Yfirvidd:	88	(92)	97	(101)	106	(110) cm
Lengd á bol frá öxl:	55	(56)	57	(58)	59	(60) cm
Ermalengd að handveg:	45	(45)	46	(47)	48	(49) cm

### EFNI

#### *Létt - Lopi - 50 g dokkur*

<b>Svört peysa</b>	<b>Mórauð peysa</b>	<b>Hvít peysa</b>				
A: <b>0052</b> s.svartur	<b>0085</b> l.mórauður	<b>0051</b> hvítur	9	9	9	10 10
B: <b>0051</b> hvítur	<b>0052</b> s.svartur	<b>0052</b> s.svartur	1	1	1	1 1
C: <b>0053</b> mórauður	<b>0051</b> hvítur	<b>0085</b> l.mórauður	1	1	1	1 1

Hringprjónn nr. 4½, 40 og 80 cm langur

Hringprjónn nr. 4, 80 cm langur

Sokkprjónar nr. 4 og 4½

7 hnappar

### PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf. slétt prjón á prjóna nr. 4½

Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

### AÐFERÐ

Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlarstykki prjónað í hring.

Munstur og úrtökur prjónað eftir teikningu. Hetta prjónuð fram og til baka.

Saumað er með saumavél í miðju framstykki áður en klippt er upp fyrir hnappalista.

### BOLUR

Fitjið upp 167 (175) 183 (191) 199 (207) L með lit A á prjóna nr. 4. Prjónið 3 umf perluprjón fram og til baka.

Næsta umf, hnappagat (rétt): prj áfram perluprjón, prj 2 L, prj 2 L saman, prj út umf. Prj 1 umf perluprjón og fitjið upp 1 L í stað þeirrar L sem felld var af í umf á undan.

Næsta umf (rétt): Prj 5 L perluprjón og setjið þær L á hjálparband/-nælu. Prj slétt prjón þar til 5 L eru eftir af perluprjóni, setjið þær á hjálparband/-nælu. Skiptið yfir á hringprjón nr 4½. Fitjið upp 2 br L (prj br upp allan bolinn) og tengið saman í hring. => 159 (167) 175 (183) 191 (199) L. Setjið merki í hliðar bolsins og takið úr 2 L í hvorri hlið þegar búið er að prjóna 8 cm og aftur eftir 16 cm frá upffit, alls 8 L => 151 (159) 167 (175) 183 (191) L. Aukið út 2 L í hvorri hlið eftir 24 cm og aftur eftir 32 cm frá upffit => 159 (167) 175 (183) 191 (199) L. Prj þar til bolur mælist 32 (33) 34 (35) 36 (37) cm frá upffitjun. Geymið bol og prjónið ermar.

### ERMAR

Fitjið upp 38 (38) 40 (40) 42 (42) L með lit A á prjóna nr. 4. Tengjið í hring og prjónið 5 umf perluprjón. Skiptið yfir á hringprjón nr. 4½ og prjónið slétt prjón. Aukið út um 2 L 11 (11) 11 (12) 12 (13) sinnum (1 L eftir fyrstu lykkju og 1 L fyrir síðustu lykkju í umferð) í 9. (9.) 9. (8.) 8. (8.) hverri umf upp ermina => 60 (60) 62 (64) 66 (68) L. Prj án frekari útaukningar þar til ermi mælist 44 (45) 46 (47) 48 (49) cm frá upffitjun. Setjið 11 (11) 12 (13) 14 (15) L undir mið ermi á hjálparnælu/-band => 49 (49) 50 (51) 52 (53) L. Prjónið seinni ermi á sama hátt.

## **AXLASTYKKI**

Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón nr. 4½ með lit A. Prjónið hægra framstykkki (byrjið á br L) 35 (37) 38 (40) 41 (43) L Setjið 11 (11) 12 (13) 14 (15) L af bol á hjálparband/-nælu. Prjónið fyrri ermina við 49 (49) 50 (51) 52 (53) L. Prjónið bak 67 (71) 75 (77) 81 (83) L af bol, setjið næstu 11 (11) 12 (13) 14 (15) L af bol á hjálparband/-nælu, prjónið seinni ermina við 49 (49) 50 (51) 52 (53) L. Prjónið vinstra framstykkki 35 (37) 38 (40) 41 (43) L (endið á br L). Nú eru á prjóninum => 235 (243) 251 (259) 267 (275) L. Prj munstur og takið úr eins og sýnt er á teikningunni, byrjið og endið á br L. Þegar munstri er lokið eru eftir (61) 63 (65) 67 (69) 71 L.

## **FRÁGANGUR**

Lykkið saman undir höndum og gangið frá endum. Saumið í vél með beinu þéttu spori tvisvar í hvora br L fyrir miðju að framan.

### **Hnappalisti (vinstri)**

Byrjið á réttunni setjið 5 L sem voru á hjálparband/-nælu á prjón nr. 4, fitjið upp 3 L (kantL) upp við framstykkki með lit A. Prjónið 5 L perluprjón eins og áður en kantL sl á réttunni og br á röngunni. Prjónið listann jafnlangan framstykkki (teygið svolítið á listanum þegar mælt er), fellið af kantL en geymið hinar 5 L á hjálparband/-nælu. Klippið upp á milli br L framan á bol. Saumið listann við framstykkkið á réttunni þannig að listinn liggja beint upp af L að neðan, saumið við sl L á framstykkki og á milli innstu L á lista og kantL sem er næst listanum. Saumið kantinn niður á röngunni þannig að hann hylji vélsauminn.

### **Hnappagatalisti (hægri)**

Merkið fyrir hnöppum á hnappalista alls 7 hnöppum. Neðsta hnappagatið hefur þegar verið gert, efsta hnappagatið verður gert í miðja hálslíninguna. Prjónið listann í samræmi við hnappalistann og gerið hnappagöt eins og gert var í stroffinu að neðan. Saumið listann og kantinn við framstykkkið.

## **HÁLSLÍNING/HETTA**

Byrjið á réttunni. Prjónið á prj nr. 4 með lit A, 5 L perluprjón (listi) prjónið sl og takið úr með jöfnu millibili 0 (0) 0 (0) 2 (2) L úr axlarstykkki, prjónið 5 L perluprjón (listi) => 71 (73) 75 (77) 77 (79) L. Prj 1 umf perluprjón (á röngunni) prjónið hnappagat í næstu 2 umf, prj 2 umf perluprjón.

Fellið af í perluprjóni ef þið viljið ekki prjóna hettu, annars haldið þið áfram.


**Hetta:** Prjónið fram og til baka. Skiptið yfir á hringprjón nr. 4½. Prj 5 L perluprjón, prj sl pr og aukið út með jöfnu millibili um 11 L => 82 (84) 86 (88) 88 (90) L, prj 5 L perluprjón. Prjónið áfram 5 L perluprjón, sl pr (br á röngu) (72) 74 (76) 78 (78) 80 L og 5 L perluprjón þar til hettan mælist 34 cm eða eins löng og passlegt þykir. Skiptið L til helminga og lykkið saman.

Skolið úr peysunni og leggið til þerris.

Festið hnappa á hnappalista.

**Hönnun: Védís Jónsdóttir fyrir Ístex.**

# LÉTT-LOPAPEYSA með stuttum munsturbekk og hettu



endurtaka

## LYKILL

	Svört	Mórauð	Hvít
■	= 0052	0085	0051
□	= 0051	0052	0052
■	= 0053	0051	0085
○	= br L		
◡	= úrtaka		